



Komið þið sæl

Okkur hjá Krabbameinsfélagi Austurlands langar að vekja athygli ykkar á viðburði sem verður hér á Egilsstöðum á vegum Krabbameinsfélags Íslands í ágúst.

Viðburðurinn hefur fengið nafnið **Styrkleikarnir** sem er orðaleikur sem minnir okkur á styrkinn sem við finnum í samstöðunni.

Styrkleikarnir er sólarhringsviðburður sem er táknrænn fyrir að það fæst engin hvíld frá krabbameini, fólk sem tekst á við krabbamein gerir það allan sólarhringinn. Viðburðurinn er opinn öllum sem vilja sýna stuðning í verki. Fjölskyldur, fyrirtæki, íþróttafélög, félagasamtök eða aðrir skrá sig sem lið og vinna saman að því að hafa fulltrúa á hreyfingu (ganga, hlaupa, sitja í kerru o.s.frv.) með boðhlaupskefli allan sólarhringinn.

Um er að ræða alþjóðlegan viðburð sem fer árlega fram á yfir 5000 mismunandi stöðum í yfir 30 löndum um allan heim. Hátt í 10 milljónir taka þátt í viðburðinum á hverju ári og er sá hópur sífellt að stækka.

Styrkleikarnir eru haldnir til að sýna stuðning, safna fé til rannsókna á krabbameinum og til þess að veita krabbameinsgreindum ráðgjöf og þjónustu.

Styrkleikarnir eru tvisvar í ár, á Selfossi 29.-30. apríl og Egilsstöðum 26.-27. Ágúst.

Viðburðurinn er alltaf skipulagður í nærsamfélagi og undirbúinn og framkvæmdur að langmestu leyti af sjálfboðaliðum. Nú þurfum við á ykkur að halda. Tökum þátt og sýnum stuðning sem skiptir máli!

Haldin verður opin Teams kynningarfundur mánudaginn 17.apríl kl. 20:00 þar sem allir eru velkomnir að skrá sig inn.

[https://l.facebook.com/l.php?u=https%3A%2F%2Fteams.microsoft.com%2F%2Fmeetup-join%2F19%253ameeting_YzU2YTYxZDEtMWI2Ni00MGMxLTkwYTQtNjRIOTUwMzU2YWl2%2540thread.v2%2F0%3Fcontext%3D%257B%2522Tid%2522%253A%2522e39680fc-b950-43df-b532-838c88a689be%2522%252C%2522Oid%2522%253A%2522283e043e-66a1-41c0-9dbd-5673323acc23%2522%257D%26fbclid%3DIwAR3EtQ184MGrWGOgbJInV9pTVI_1pg-W7C4fTqem55Fyb8sQDLSOVc85w&h=AT00TyMMYgiph3yDPBFmlnkA0Z356HKr9PdW5ztEKGshrBDnVAN1jA42FENEoIn7DPTdq3FTpgjHFk4yVsFaqVa1k-8nymlljUijXUdm2nm5QSQ0D7PBT1RW0syhVq425g&_tn=Rl-R&c\[0\]=AT3ngD3IWNpjQv8VbNI24xV2sv0M3ZzxcnmUvaE1hvYj-Fw5Qc6gpL7FLMfbYzrlvHUxOUx7qNQX0OJela0GUlc74bojZlivtCWoSjSTsfC0ljDEbfSIVtRcKI9b59B2yoOZcn9NOSHLr5bGgYnc3cA-dnU-J00DYydlFro6OPBpPc7Mtja3Wla7r2AM527b-fbC-l0CIPo4cPFuwTI_Bg4Fta](https://l.facebook.com/l.php?u=https%3A%2F%2Fteams.microsoft.com%2F%2Fmeetup-join%2F19%253ameeting_YzU2YTYxZDEtMWI2Ni00MGMxLTkwYTQtNjRIOTUwMzU2YWl2%2540thread.v2%2F0%3Fcontext%3D%257B%2522Tid%2522%253A%2522e39680fc-b950-43df-b532-838c88a689be%2522%252C%2522Oid%2522%253A%2522283e043e-66a1-41c0-9dbd-5673323acc23%2522%257D%26fbclid%3DIwAR3EtQ184MGrWGOgbJInV9pTVI_1pg-W7C4fTqem55Fyb8sQDLSOVc85w&h=AT00TyMMYgiph3yDPBFmlnkA0Z356HKr9PdW5ztEKGshrBDnVAN1jA42FENEoIn7DPTdq3FTpgjHFk4yVsFaqVa1k-8nymlljUijXUdm2nm5QSQ0D7PBT1RW0syhVq425g&_tn=Rl-R&c[0]=AT3ngD3IWNpjQv8VbNI24xV2sv0M3ZzxcnmUvaE1hvYj-Fw5Qc6gpL7FLMfbYzrlvHUxOUx7qNQX0OJela0GUlc74bojZlivtCWoSjSTsfC0ljDEbfSIVtRcKI9b59B2yoOZcn9NOSHLr5bGgYnc3cA-dnU-J00DYydlFro6OPBpPc7Mtja3Wla7r2AM527b-fbC-l0CIPo4cPFuwTI_Bg4Fta)

Vonumst til að sem flestir skrái sig inn.

Fyrir hönd Krabbameinsfélags Austurlands

Kristjana Sigurðardóttir formaður

Krabbameinsfélagið hefur opið hús Dynskógum 4 neðri hæð. 17.apríl kl.20:00 þar sem allir geta mætt og tekið þátt í fundinum með okkur

Nánari upplýsingar um Styrkleikana: <https://www.krabb.is/styrkleikarnir/um-verkefni/>